Fullgild rafræn undirskrift
ÁGÚST MÁR SIGURÐSSON
2026-11-20 09:06:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
2026-11-20 13:23:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Nordic Fish Leather ehf.
Almannakór 9
Tálknafjörður 460
Ísland

20. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3695

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf dags. 31. ágúst 2026, þar sem stofnunin óskaði eftir viðbrögðum vegna fráviks er skráð var í óreglubundnu eftirliti hjá Nordic Fish Leather, þann 13. ágúst 2026. Stofnunin veitti frest til 21. september 2026 til þess að skila inn úrbótaáætlun til samræmis við athugasemdir og að loknum frest var veittur viðbótarfrestur til 16. október.

Frávikin eru eftirfarandi:

Frávik frá:	Lýsing og staða fráviks:	Staða á fráviki:
Gr. 3.8 í starfsleyfi	**Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum.** *Losun króms í fráveitu er, samkvæmt útreikningum stofnunarinnar,* *út frá upplýsingum frá rekstraraðila 135 mg/l að meðaltali yfir árið* *eða 608 mg/l í skolvatni frá því ferli sem notað er króm. Leyfileg* *losun skv. starfsleyfi er 5 mg/l.*	**Opið**

Umhverfis- og orkustofnun hefur enn ekki borist tímasett úrbótaáætlun né borist staðfesting á úrbótum. Stofnunin veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og ítrekar fyrri kröfu um úrbætur.

Umhverfis- og orkustofnun áformar að leggja dagsektir á rekstraraðila vegna framangreindra frávika, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfis-

og orkustofnun veitir rekstraraðila frest til 5. desember 2026 til að bregðast við með staðfestingu á úrbótum og úrbótaáætlun.

Vakin er athygli á að ákvörðun þessi um áminningu verður birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunnar. Jafnframt mun stofnunin birta sjónarmið fyrirtækisins.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunnar nr. 1033/2025, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu lögfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt skv. gjaldskrá.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Ágúst Má í síma 569-6000 eða með tölvupósti á agustm@uos.is. Gögnum skal skilað til Umhverfis- og orkustofnunar á netfangið uos@uos.is eða með pósti á Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
Teymisstjóri

Ágúst Már Sigurðsson
Lögfræðingur